

ur, 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 23/1890.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eigandi Klepps)

gegn

H. Th. A. Thomsen

(eiganda Bústaða).

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði bæjarstjórn Reykjavíkur sem eigandi jarðarinnar Klepps í Seltjarnarnesshrepp gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem eiganda jarðarinnar Bústaða í sama hreppi, út af ágreiningi um landamerki milli tjeðra jarða. Bæjarstjórnin álitur, að landamerki jarðanna sjeu þessi: «Frá Elliðaárvog, þar sem Merkjalækur (er sumir kalla «Marklæk», en hinn stefndi Murtulæk) fellur í hana eins og farvegur lækjarins ræður til upptaka og þaðan í svokallaða »Þrísteina». Á hinn bóginn telur H. Th. A. Thomsen, að landamerki milli jarðanna sjeu eptir beinni stefnu úr Þrísteinum í Geldingatanga (eða Gelgjutanga, sem svo er kallaður af ýmsum). Sök þessi var rekin fyrir landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu og þar dæmd hinn 28. júnímán. 1890, á þá leið, að merkjakrafa Thomsens kaupmanns var óbreytt til greina tekin; jafnframt ákvað dómurinn um málskostnað, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi greiða upp í hann 30 kr. og 50 au. og kaupmaður Thomsen 21 kr. og 50 aura.

Þessum dómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til landsyfirrjettarins með stefnu dags. 29. júlímán. þ. á. og hjer fyrir rjettinum gjört þá kröfu, að hann verði

úr gildi felldur og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað með nægilegri upphæð. Hinn stefndi, H. Th. A. Thomsen kaupmaður, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 120 kr.

Merkjadómurinn álitur og byggir úrslit málsins á því álitu sínu, að hinn stefndi hafi með konunglegu afsalsbrjefi til sín fyrir laxveiðinni í Elliðaánum, útgefnu 11. desbr. 1853, samanbornu við álitsskjal stjórnarráðsins um söluna (frá 6. maí 1853, undirrjettarskjal nr. 21., sbr. nr. 22) fært óvefengjanlega sönnun fyrir eignarrjetti sínum yfir þrætulandinu, og til frekari stuðnings þessu lætur merkjadómurinn þess getið, að í aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu 12. nóv. 1858 og yfirrjettardómi 5. desbr. 1859 út af beitutökurjetti í Elliðaárvognum sje það tekið fram, að «sameigendur Laugarness- og Kleppsjarða þá hafi átt ósannað, að Kleppsland nái inn að Merki- eða Marklæk». Hinn stefndi hefur nú eigi komið fram með önnur eða fleiri skilríki fyrir eignarrjetti sínum yfir þrætulandinu en þessi, og alls enga vitnisburði um afnot þess hefur hann fram lagt.

Um nefnd skilríki er að athuga, að hið konunglega afsalsbrjef frá 11. desbr. 1853 ræðir að eins um laxveiðina í Elliðaánum og alls eigi um landeign aðliggjandi jarða, en veiðin hafði þá fyrir nærfellt hundrað árum (c: 1756) verið tekin undan aðliggjandi jörðum og rekin sem sjerstök eign; sama er að segja um álitsskjal stjórnarráðsins (6. maí 1853). Aukarjettardómurinn 12. nóv. 1858 og yfirrjettardómurinn 5. desbr. 1859 dæma og

alls eigi um eignarrjett yfir landi því, sem liggur að Elliðaárvogunum að vestanverðu, en að eins um rjett ábúandans á Kleppi til að taka krækling í vogunum á móts við laxveiðirjett hins stefnda. Þessi skjöl sanna þannig alls ekkert um rjett hins stefnda yfir þrætulandinu og það liggur í augum uppi, að engin heimild er til að álykta á þá leið, að hann sem eigandi Bústaða hljóti að eiga land út að Gelgjutanga, úr því að honum var afsöluð laxveiði í ánum og vognum út þangað.

Þar sem merkjadómurinn eingöngu hefur byggt úrslit málsins á þessum skilríkjum, sem ekkert sönnunargildi hafa í málinu, eins og það fyrir liggur og eru því óviðkomandi, og þar sem það á hinn bóginn má álitast sannað í málinu af hálfu áfrýjanda með ýmsum vitnisburðum, þar á meðal manns, er búið hefur á jörð hins stefnda, Bústöðum, í nærfelt 20 ár, að þrætulandið hafi mjög lengi verið notað frá Kleppi og talið fylgja þeirri jörð, — og skal þess hjer með jafnframt getið, að merkjadómurinn hefur ranglega hrundið vitnisburði Ólafs Þorvaldssonar, — en eptir því hlaut sönnunarbyrðin um eignarrjett yfir þrætulandinu sjerstaklega að hvíla á hinum stefnda samkvæmt grundvallarreglunni í Jónsb. Llb. kap 26 i. f. — þá verður eigi hjá því komizt, að dæma merkjadóminn ógildan fyrir lögleysu að efni til og vísa málinu heim aptur. Upp í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 40 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn skal úr gildi felldur og málinu vísað heim aptur. Upp í áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði hinn stefndi, kaupmaður H. Th.

A. Thomsen, áfrýjandanum, bæjarstjórn Reykjavíkur-
kaupstaðar, 40 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu
dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desembermán.

Nr. 34/1890.

Hid opinbera

gegn

Jóni Sigurðssyni, Magnúsi

Magnússyni o. fl.

D ó m u r :

Samkvæmt fyrirskipan amtsins í brjefi, dags. 1. maí
p. á., og í tilefni af kæru ýmsra manna í Stokkseyrar-
veiðistöð, dags. 28. apríl síðastliðinn, hjelt lögreglustjór-
inn í Árnessýslu hinn 10. maí p. á. lögreglurjettarpróf
yfir 23 formönnum á Eyrarbakka og Stokkseyri út af
fiskiróðrum á helgum dögum, og er þess getið við lok
rjettarhaldsins, að hinir kærðu «hafi kosið sjer Guðmund
Ísleifsson til þess að verja sig». Hinn 27. s. m. hjelt
lögreglustjórinn próf yfir 2 formönnum fyrir sama brot
og hinn 18. júní síðastl. heldur hann enn tvö lögreglu-
rjettarpróf yfir 18 formönnum úr sömu veiðistöð út af
helgidagaróðrum. Í hinu síðara af þessum rjettarhöld-
um, 18. júní, var síðan framlagt varnarskjal í máli þessu
«fyrir formenn á Eyrarbakka», frá Guðmundi Ísleifssyni,
og því næst var málið dæmt í lögreglurjettinum hinn 2.
júlí p. á. á þá leið, að allir hinir kærðu formenn, 43 að
tölu, voru sýknaðir, en málskostnaður lagður á almanna-
fje, þar á meðal 5 krónur sem málsvarnarlaun til Guð-
mundar Ísleifssonar.

Þessum lögreglurjettardómi hefur hlutadeigandi